

Nd.

509. Nefndarálit

[5. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hélt 13 fundi um frumvarpið og ræddi það ítarlega. Umsagnir bárust frá 15 aðilum og fjölmargir komu á fund nefndarinnar til viðræðna um efni frumvarpsins.

Um einstakar breytingartillögur, sem meiri hl. nefndarinnar flytur, er þetta að segja:

Við 2. gr. Kveðið er á um að útvarpsréttarnefnd skuli kjörin til fjögurra ára. Skv. ákvæði til bráðabirgða skulu lögin endurskoðuð innan þriggja ára frá setningu þeirra. Þykir rétt að sama útvarpsréttarnefnd sitji allan þann tíma.

Við 3. gr. Ekki þykir ástæða til að binda leyfi til útvarpsrekstrar við félög sem sérstaklega séu stofnuð í því skyni.

Heimilað skuli að veita undanþágur í sérstökum tilvikum til að útvarpa á miðbylgjum þar sem landfræðilegar aðstæður torvela útsendingar á metra- og desimetrabylgju.

Ekki þykir ástæða til að samþykki sveitarstjórnar sé áskilið þegar veitt er leyfi til útvarpsrekstrar enda tæknilega ókleift að binda útsendingar útvarpsstöðva við landamörk sveitarfélaga.

Ástæða þykir til að áréttta í reglugerð, sem sett verður, skyldu útvarpsstöðva til að láta mismunandi sjónarmið njóta sannmælis í dagskrá.

Ábendingar hafa borist til nefndarinnar um nauðsyn þess að kveðið sé skýrt á um skyldu útvarpsstöðva við almannavarnir, löggæslu, slysavarnafélög og hjálparseitir.

Við 5. gr. Hugtakið „boðveita“ er óskýrgreint í íslenskum lögum en tekur sennilega til fyrirtækis sem stofnað er til að reka fjarskipti, sbr. m. a. Póst og síma. Er sú orðskýring í samræmi við langa hefð, svo sem orðin rafveita eða vatnsveita sýna. Af þeim sökum er einsýnt að ákvæði um „boðveitur“ eiga heima í fjarskiptalögum en ekki útvarpslögum ef á annað borð þykir ástæða til að festa skýrgreiningu á orðinu í lögum og marka þvílíkum rekstri ramma fram yfir það sem þegar er gert. Frv. til fjarskiptalaga á skv. þinghefð heima í samgöngunefnd en ekki menntamálanefnd. Af þeim sökum sér meiri hl. menntamálanefndar ekki ástæðu til að taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að festa í lög ákvæði um stöðu „boðveitna“ innan fjarskiptakerfisins. Sýnist einstökum þingmönnum hins vegar svo er kórrétt að flytja um það sérstakt frv. sem fengi þá meðferð í deildinni sem þingsköp áskilja.

Lögum samkvæmt ber Ríkisútvarpinu að standa undir 25% af hallarekstri símfóníu-hljómsveitar. Eftir að frjálsræði til rekstrar útvarpsstöðva hefur verið aukið hlýtur að koma

til endurmats hvort sú tilhögun sé réttmæt. Auðvitað má hugsa sér að ríkissjóður hlaupi undir bagga. Hér er sá kostur ekki valinn heldur lagt til að stofnaður skuli Menningarsjóður útvarpsstöðva er fái 10% af verði auglýsinga í útvarpsstöðvum í tekjur. Skal þeim annars vegar varið til að greiða hlut Ríkisútvarpsins í hallarekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar en hins vegar til eflingar innlendri dagskrárgerð sem verða má til menningarauka og fræðslu. Ekki þykir ástæða til að marka hinum nýja sjóði þröngan ramma í lögum heldur er þess að vænta að styrkveitingar úr sjóðnum markist af því hversu til tekst um væntanlegar útvarpsstöðvar. Á þessari stundu væri það ofætlan að þykjast sjá slíkt fyrir.

Tekið er fram að Ríkisútvarpið skuli gera að nýju samning við Sinfóníuhljómsveitina um flutning á tónlistarefni gegn eðlilegu gjaldi. Ríkisútvarpið verður skv. þessu frv. eina útvarpið sem tekur til landsins alls svo að á því hlýtur að hvíla áfram sú skylda að gefa landsmönnum öllum kost á að njóta tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar. Er það enda í átt við hefð og venjur.

Það þykir einsýnt að kveða skýrt á um skyldu Ríkisútvarpsins við íslenska tungu, sögu og menningararfleifð. Það er í samræmi við ályktun Alþingis frá s. l. vori um eflingu íslenskrar tungu.

Lagt er til að Ríkisútvarpið stefni að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum. Sérstaklega er kveðið á um að á fjárlögum skuli veitt fé til fræðsluhljóðvarps eða fræðslusjónvarps.

Í brtt. er kveðið fastar að orði en í frv. um skyldu Ríkisútvarpsins til útlána eða sölu á frumfluttu dagskrárefni.

Engar brtt. eru fluttar við III. kafla frv. eins og það liggur fyrir. Ástæðan er sú að menntamálanefnd mun hafa það áfram til athugunar hvað skuli taka við af afnotagjöldunum eins og þau hafa verið. Þótt slík innheimta hafi augljósa kosti hefur borið á því að undanfögnu að eftirlit með innheimtunni, hverjir séu raunverulegir eigendur og notendur sjónvarpstækja, hefur orðið mjög örðugt eftir þá breytingu að ekki er lagt afnotagjald á fleiri en eitt viðtæki á heimili eða í fyrirtæki gagnstætt því sem áður var. Liggur fyrir dæmi um að sami einstaklingur telur sig réttan eiganda sjónvarpstækja í þrem landsfjórðungum til þess að koma niðjum sínum undan því að greiða afnotagjöld. Það sýnist ekki fýsilegur kostur að leggja þá kvöð á innheimtumenn Ríkisútvarpsins að ástunda heimilisnjósnir. Fyrir þá sök hefur verið athugað hversu hár nefskattur þyrfti að vera til að koma í stað afnotagjalds. Í fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins eru afnotagjöld á þessu ári talin nema 289,7 millj. kr. Ef gengið er út frá því að börn innan 16 ára aldurs greiði ekki hinn nýja skatt né þeir sem hafa tekjuskattsstofn undir 115 500 kr. á s. l. ári, né heldur þeir sem eru heyrnarlausir eða blindir, þarf skattfjárhæðin á hvern einstakling að vera sem hér segir: Miðað við 100% innheimtu 2700 kr., miðað við 85% 3176 kr. og miðað við 80% 3375 kr. Afnotagjaldið er nú 2650 kr. fyrir fyrri hluta ársins.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur í samráði við Ríkisútvarpið falið rekstrarráðgjafa að endurskoða tekjuöflun Ríkisútvarpsins. Formaður menntamálanefndar hefur sagt forráðamönnum Ríkisútvarpsins að menntamálanefnd muni taka álit rekstrarráðgjafans til athugunar milli 2. og 3. umræðu. Af þeim sökum þykir eðlilegt að ekki sé hróflað við ákvæðum III. kafla frv. að svo stöddu.

Talið er eðlilegt að hæfileg skylda sé lögð á útvarpsstöðvar til varðveislu á frumfluttu efni til að þeir sem telja misgert við sig í útsendingu eigi þess kost að fá afrit af hljóðupptöku.

Í bráðabirgðaákvæði er kveðið á um að útvarpi varnarliðsins skuli heimilt að starfa áfram svo sem verið hefur.

Ekki náðist samkomulag í nefndinni um afgreiðslu málsins en meiri hl. nefndarinnar stendur sameiginlega að breytingartillögum á þskj. 505.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 19. febr. 1985.

Halldór Blöndal,
form., frsm.

Ólafur Þ. Þórðarson.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Ólafur G. Einarsson.